

1909

Fimmtudaginn 28. október 1993.

Nr. 252/1993. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Jóni Gesti Sveinbjörnssyni

(Jón Oddsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Ölvun við akstur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákærvalds með stefnu 1. júní 1993. Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Ákærði krefst aðallega sýknu, en til vara, að refsing verði milduð.

Í ákæru er sú villa, sem einnig hefur slæðst í héraðsdóm, að Hafnarbúðir eru sagðar vera á Grandagarði. Hafnarbúðir eru við Tryggvagötu vestur undir Ægisgarði.

Hinn 22. október sl. fór fram haldsrannsókn í máli þessu á dómþingi Héraðsdóms Vesturlands, þar sem skýrsla var tekin af vitninu Óskari Ölverssyni. Hann kveðst kannast við ákærða og hafa verið staddur í Kaffivagninum á Grandagarði, er ákærði kom þar og settist við borð, þar sem vitnið og fleiri voru fyrir. Ekkert hafi þá verið að sjá athugavert við ákærða. Hann hafi virst allsgáður, en þegar byrjað að drekka vodka bæði óblandað og blandað og drukkið „mjög stíft“. Hafi ákærði verið búinn að drekka að minnsta kosti úr hálfri flösku, er lögreglan kom á vettvang, en vitnið kveðst þá engin merki ölvunar hafa séð á honum. Ekki vissi vitnið, hvað um það áfengi varð, sem ákærði átti ódrukkið, er lögreglan kom. Kveður hann ákærða hafa drukkið úr tveimur pelum, sem hann hafi verið með innan klæða.

Framangreindur framburður hagar ekki þeirri niðurstöðu héraðsdómara, að sannað sé, að ákærði hafi ekið bifreiðinni PS-965 undir svo miklum áhrifum áfengis, að hann hafi gerst brotlegur við 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Að þessu athuguðu og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

1910

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti er tekið tillit til þingsóknar hans við framangreinda vitnaleiðslu í Borgarnesi.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jón Gestur Sveinbjörnsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmans, 60.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 7. maí 1993.

Ár 1993, föstudaginn 7. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Vesturlands, sem háð er að Bjarnarbraut 8, Borgarnesi, af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-18/1993: Ákærvaldið gegn Jóni Gesti Sveinbjörnssyni, sem tekið var til dóms 26. apríl sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali sýslumannsins í Borgarnesi, dagsettu 22. febrúar 1993, á hendur ákærða, Jóni Gesti Sveinbjörnssyni, kt. 040548-2709, Borgarvík 23, Borgarnesi, „fyrir að aka mánudaginn 28. september 1992 undir áhrifum áfengis bifreiðinni PS-965 frá Hafnarbúðum á Grandagarði í vesturátt að veitingastaðnum Kaffivagninum á Grandagarði, þar sem lögregla handtók hann innan dyra stuttu síðar.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga“.

— — —

Niðurstaða.

Svo sem áður er rakið, barst lögreglu tilkynning kl. 17.29 um akstur bifreiðarinnar PS-965, og kom lögregla að ákærða inni á Kaffivagninum síðar þann dag. Ákærði var þá ölváður.

Hafa lögreglumennirnir Þorbjörn Sigurðsson og Björn Ægir Hjörleifsson báðir borið fyrir dómi, að er þeir komu að veitingastaðnum Kaffivagninum, hafi aflvél bifreiðar ákærða verið köld viðkomu, er rekja mátti til þess, að henni hefði, miðað við tilkynningar, einungis verið ekið skamma vegalengd um hálfum tíma áður. Lögreglumennirnir hafa báðir borið, að

ákærði hafi ekki haft áfengi undir höndum, er þeir komu að honum, og hefði þess verið getið í lögregluskýrslum, hefði svo verið.

Framburður ákærða við meðferð málsins hefur verið reikull, og hefur hann orðið margsaga bæði um akstur bifreiðarinnar og áfengisneyslu.

Við skýrslugjöf hjá varðstjóra í framhaldi af handtöku bar ákærði því við, að einhver annar en hann hefði verið að aka bifreiðinni, en hann treysti sér ekki til að segja til um, hver það hefði verið, enda þótt hann vissi það. Viðurkenndi hann að hafa drukkið þennan dag einn til tvo bjóra og ef til vill eitt glas af sterku áfengi.

Við skýrslugjöf kl. 8.45 næsta dag eftir dvöl í fangageymslum breytti ákærði framburði sínum og viðurkenndi þá að hafa ekið bifreiðinni kl. 16.00 daginn á undan frá Hafnarbúðum að Kaffivagninum. Áfengi hefði hann ekki byrjað að drekka, fyrr en þangað kom, en þar hefði hann drukkið tvö glös og tvo bjóra. Nefndi hann sem skýringu á viðbrögðum sínum frá deginum á undan, að hann hefði verið argur og vondur vegna framkomu lögreglu.

Er ákærði kom fyrir dóm 21. apríl 1993, viðurkenndi hann eftir sem áður að hafa ekið bifreiðinni, svo sem hann hafði greint frá 29. september 1992. Um áfengisneyslu breytti ákærði þá enn framburði sínum og greindi frá því fyrir dómi, að hann hefði drukkið um einn pela af vodka inni á Kaffivagninum auk þeirra tveggja bjóra, er áður voru nefndir.

Ákærði hefur staðfastlega neitað því að hafa drukkið áfengi fyrir akstur bifreiðarinnar eða að hafa verið „þunnur“ eftir áfengisdrykkju frá deginum á undan.

Vitnin Grétar Jónsson og Hreinn Sveinsson hafa greint frá því, að ákærði hafi verið verulega ölvaður, er hann kom úr sjóferð sinni kl. 16.00. Hafi útlit hans borið þess greinileg merki, þar sem hann hafi verið mjög valtur á fótum, auk þess sem hann hafi slagað. Þá hafi hann gengið fyrir bifreið vitnanna. Aksturslag bifreiðar hans hafi einnig borið merki ölvunar.

Vitnið Rúnar Guðmundsson og Rikharður Örn Ríkhartsson fóru með ákærða í sjóferðina, og ber þeim saman um það, að ákærði hafi ekki verið laus allra tengsla við áfengi. Við skýrslugjöf hjá lögreglu bar vitnið Rúnar, að ákærði hefði í upphafi sjóferðar verið hálf-„rakur“. Fyrir dómi hélt vitnið því fram, að það legði sömu merkinu í það orð og það að vera „þunnur“ eftir áfengisneyslu. Í öllu falli töldu þau öruggt, að ákærði hefði verið að drekka áfengi daginn áður. Áfengi kváðu þau ákærða hafa boðið í sjóferðinni, enda þótt ákærði hafi mótmælt því.

Vitnið Ágústa Gunnlaugsdóttir greindi frá því, að áfengi væri ekki afgreitt inni á Kaffivagninum og ekki væri það látið afskiptalaust, að viðskiptavinir væru með áfengi þar innan dyra. Af framburði vitnisins

verður ekki ráðið með vissu, að það hafi í huga þá atburði, er hér eru til rannsóknar.

Vitnið Sturla M. Jónsson hefur komið að málinu, og virðist tilvist þess fyrst hafa orðið ljós, er málið var rannsakað fyrir dómi 21. apríl sl. Ekki var á það minnst í lögreglurannsókn né er ákærða var birt ákæran 18. mars sl. Vitnið Sturla kvaðst hafa setið ásamt ákærða inni á Kaffivagninum og séð hann drekka þar áfengi úr um einum pela af vodka. Vitnið kvað ákærða ekki hafa drukkið annað áfengi.

Allur framburður ákærða um málsatvik þykir ótrúverðugur og reikull og því ekki marktækur að álitni dómsins. Við vætti vitnisins Sturla M. Jónssonar verður ekki stuðst, þar sem það þykir ótrúverðugt. Þegar hins vegar þau atvik málsins eru virt, að vitnin Grétar og Hreinn bera, að ákærði hafi verið greinilega ölvaður, er hann kom í land, vitnin Rúnar og Ríkharður bera, að ákærði hafi ekki verið laus allra tengsla við áfengi, meðan á sjóferðinni stóð, að ekkert áfengi fannst í fórum ákærða, er lögregla handtók hann, og að ákærði hefur orðið tvisaga, bæði um, hver hafi ekið bifreiðinni, og um áfengisneyslu sína, þykir dóminum sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi sjálfur ekið bifreiðinni greint sinn undir áhrifum áfengis, enda mældust í blóði hans yfir 3‰ af alkóhóli í blóðsýni, er tekið var úr honum kl. 18.15 þennan dag. Þykir samkvæmt því sannað, að ákærði hafi með akstri bifreiðarinnar gerst brotlegur við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1966 fjórum sinnum gengist undir dómsátt vegna brota á umferðarlögum, nú síðast 17. nóvember 1989 vegna ölvunaraksturs. Með þeirri dómsátt var ákærði sviptur ökuréttindum í tólf mánuði frá 15. desember 1989. Ákærði hefur hlotið tvo dóma vegna ölvunaraksturs, og eru þeir frá árunum 1969 og 1976.

Refsing og önnur viðurlög.

Ákærði hefur með greindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og þykir hún með hliðsjón af sakaferli ákærða hæfilega ákveðin 70.000 króna sekt til ríkissjóðs. Skal sektin innt af hendi innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 20 daga.

Ákærði þykir enn fremur hafa unnið til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga. Við ákvörðun sviptingar ber að líta til dómsáttar frá 17. nóvember 1989, sem hefur ítrekunaráhrif að þessu

leyti. Ber því nú að svipta ákærða rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki í þrjú ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs og málsvarnarlaun skipuðum verjanda sínum, Jóni Oddssyni hrl., sem þykja hvor um sig hæfilega ákveðin 50.000 krónur. Er þá tekið tillit til ferðakostnaðar og uppihalds.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Gestur Sveinbjörnsson, greiði 70.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar varðhald í 20 daga, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í þrjú ár frá uppkvaðningu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m .t. saksóknarlaun til ríkissjóðs, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl., 50.000 krónur.
